



Lenín ávarpar mannfjöldann Greinarhöfundurinn finnst athyglisvert hve mikla áherslu bókarhöfundar, sem margir eru vinstri-sinnaðir menntamenn, leggja á að Lenín hafi verið upphafsmaður og helsti hugmyndafræðingur ógnarstjórnar bolsévika.

LJÓT ER SÚ SAGA

Á barnaskólaárum mínum norður á Akureyri fyrir margt löngu hafði ég, eins og margir aðrir krakkar, nokkra atvinnu af því að bera út og selja blöð, þ. á m. *Morgunblaðið*. Þessi atvinna þótti bæði hagkvæm og menntandi. Við fengum laun, sem marga munaði um, fengum eintak af blöðunum, sem heimilöð gat þá sparad sér að kaupa, og þau okkar, sem á annað borð nemtu að lesa dagblöð, gátu aflað sér þekkingar og fróðleiks um þjóðmálin og það sem var að gerast í heiminum. Sá fróðleikur komst þó til skila með ýmsum hætti. Einn daginn vorum við tveir strákar mættir á afgreiðslu *Morgunblaðsins* að sækja blöð til að bera út. Félagi minn var mikið hugsi og þegar við vorum komnir út á götu leit hann alvarlegur á mig og sagði: „Veistu af hvaða fólki er mest í heiminum?“ Ég var nú ekki viss um það, en hélt að það hlýtu að vera Kínverjar. „Nei,“ sagði hann, „það eru kommúnistar.“ Og svo bætti hann við: „Ef þú lest Moggann þá sérðu að það hlýtur að vera. Það eru drepnir mörg þúsund kommúnistar úti um allt á hverjum degi, alltaf nóg eftir og svo eru það eiginlega bara kommúnistar sem drepa þá.“

Þessi gömlu orðaskipti rifjuðust upp fyrir mér við lestur *Svartbók- ar kommúnismans*, og ég er ekki frá því að þessi gamli kunningi minn hafi haft þó nokkuð til síns máls. Í inngangskafila bókarinnar kemur fram (bls. 12), að alls hafi hartnar 100 milljónir manna verið drepnar í löndum kommúnista víða um heim á tímabilinu frá 1917 og fram um eða yfir 1990. Sú tala er að vísu engan veg-

inn nákvæm og líklega nær lágmarki en hámarki. Vitaskuld voru ekki allar þessar 100 milljónir kommúnistar, en fjöldi þeirra var engu að síður ótrúlega mikill og líkast til hefur ekki verið hættulegra að ganga í aðra stjórnmálaflokka, sama hvar í heiminum það var.

Þetta geta þó traudla talist nýjar upplýsingar, a.m.k. ekki fyrir þá sem hafa fylgst með því, sem rætt hefur verið og ritað um sögu 20. aldar á undanförunum áratugum. Engu að síður er þessi tala, 100 milljónir, ógnarhá og samsvarar því að nærfehltri þriðjungur allra Bandaríkjamanna hafi fallið fyrir böðulshendi. Í því viðfangi er þó rétt að taka fram, að hér eru ekki aðeins taldir þeir, sem voru beinlínis teknir af lífi, heldur einnig fólk sem lést í fangelsum, vinnubúðum og af völdum annarra nauðungaraðgerða í löndum, sem lutu stjórn kommúnistaflokka.

Þessi bók, *Svartbók kommúnismans*, kom fyrst út í Frakklandi árið 1997, og vakti þegar í stað mikla athygli. Hún er metnaðarfullt verk margra fræðimanna af mörgum þjóðernum, en rétt er að taka fram, að bókinn er ekki saga kommúnismans eða kommúnistastjórna í heiminum á 20. öld. Höfundarnir ein-skörða frásögn sína við ógnarstjórn og ógnarverk kommúnista í löndum, sem þeir stjórnðu um lengri eða skemmri tíma og nær sagan til allra heimsálfa utan Norður-Ameríku og Eyjaálfa. Að loknum almennum inngangskafila, sem ber yfirskriftina „Glæpir kommúnismans“, vikur sögunni að einstökum löndum og svæð-




um. Þar er fyrst fjallað um byltinguna í Rússlandi og þróun mála í Sovétríkjunum, og því næst að athöfnum Sovétmanna í öðrum löndum, þar sem þeir komust þó ekki til valda, t.d. á Spáni á dögum borgarastyrjaldarinnar þar. Þá er fjallað um Evrópu-lönd, sem lutu stjórn kommúnista eftir síðari heimsstyrjöld, og því næst vikur sögunni að Asíu og löks Rómönsku Ameríku og þróunarlöndum. Bókinni lýkur svo með eftirmála eftir Stéphane Courtois, sem ber hana viðeigandi yfirskrift, „Hvers vegna?“

Frásögnin af gangi mála í Sovétríkjunum er vitaskuld rækleigust. Um þá sögu hefur víða verið fjallað áður og fátt kemur lesendum, sem fylgst hafa með söguskrifum um þessi mál, verulega á óvart. Tvennt vakti mesta athygli mína í þessum hluta bókarinnar. Í fyrsta lagi, hve margir og ólíkir hópar andstæðinga bolsévika voru í borgarastjórninni á árunum 1918-1921. Söguritarar hafa löngum haft tilhneigingu til að steypa andstæðingum bolsévika saman í eitt og kalla einu nafni *hútlíða*, en hér er sýnt

fram á, m.a. með stuðningi af heimildum, sem ekki urðu aðgengilegar fræðimönnum fyrir en eftir fall Sovétríkjanna, að andstæðingar bolsévika voru sundurleitur hópur og margir þeirra voru í sjálfu sér ekki andstæðingar byltingarinnar sem slíkar og vildu ekkert með hina eiginlegu hvítliða hafa, þótt þeir vildu ekki heldur lúta stjórn bolsévika í einu og öllu.

Í annan stað er athyglisvert, hve mikla áherslu bókarhöfundar, sem margir eru vinstri-sinnaðir menntamenn, leggja á að Lenín hafi verið upphafsmaður og helsti hugmyndafræðingur ógnarstjórnar bolsévika. Í þessu efni er einnig byggt á skjallegum heimildum, sem ekki urðu tiltækar sagnfræðingum fyrir en eftir 1991. Þessi skoðun á Lenín gengur hins vegar í berhög við það, sem sósíalistar og kommúnistar héldu lengi fram, ekki síst eftir hina frægu „leyniræðu“ Nikita Krústjoffs árið 1956, að allar hreinsanir, mannréttindabrot og böðulsskapur hafi verið Stalin og hans kónum að kenna. Lenín hafi verið mikið betri maður og hefði hann lifað lengur, hefðu mörg hermarverk Stalins aldrei átt sér stað.

Kaflarnir um önnur lönd og álfur eru ekki síður fróðlegir – og hrikalegir – aflestrar en sá um Sovétríkum. Saga kommúnismans í Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku er ekki síður blóði drifin en í Evrópu, en sjálfum þótti mér þó forvitmilegast að lesa um þróun mála í Austur- og Mið-Evrópu á árunum eftir síðari heimsstyrjöld, einkum í Ungverjalandi, Póllandi og Tékkóslóvakíu.



Svartbók kommúnismans er löngu orðin klassískt verk í evrópski sögu-ritun síðustu áratuga. Af þeim sökum er mikill fengur að útgáfu bókarinnar á íslensku. Þýðing Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar er slétt og fell, á köflum ljómandi góð en á stöku stað er eins og þýðandann hafi þrotið örendið og textinn verður óttalega flatur og nánast leiðinlegur aflestrar. Það þarf þó varla að koma á óvart, það er mikið eljuverk að þýða þetta mikla rit og víst þarf mikið úthald til að halda dampi allan tímann.

Allir þeir, sem áhuga hafa á sögu 20. aldar, ættu að lesa þessa bók og þá sérstaklega sagnfræðingar og nemendur í sagnfræði. Það skal hins vegar tekið skýrt fram, að margt í bókinni er ekki fyrir viðkvæmar sálir, og síst fyrir svefninn.

Jón Þ. Þór

